

## REGLUR

### um stjórn Verkefnasjóðs sjávarútvegsins og úthlutun úr sjóðnum.

#### I. KAFLI

##### Hlutverk.

###### 1. gr.

Verkefnasjóður sjávarútvegsins er í vörslu sjávarútvegsráðuneytisins og skal verja fé úr honum til rannsókna og nýsköpunar á sviði sjávarútvegs og til eftirlits með fiskveiðum sbr. II. og III. kafla þessara reglna.

Verkefnasjóður sjávarútvegsins starfar í tveimur deildum, almennri deild og deild um sjávarrannsóknir á samkeppnissviði.

#### II. KAFLI

##### Verkefnasjóður sjávarútvegsins, almenn deild.

###### 2. gr.

Í almenna deild Verkefnasjóðs sjávarútvegsins rennur gjald sem lagt er á skv. lögum nr. 37 27. maí 1992, um sérstakt gjald vegna ólögsmættis sjávaraflla, með síðari breytingum, auk andvirðis afla sem ekki reiknast til aflamarks fiskiskips, samkvæmt 9. mgr. 11. gr. laga nr. 116 10. ágúst 2006 um stjórn fiskveiða, og eftirstöðvar eigna Þróunarsjóðs sjávarútvegsins, sbr. lög nr. 27 14. apríl 2005 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins með síðari breytingum og lög nr. 43 2. júní 2006 um ráðstöfun fjár úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins, sbr. þó 5. gr. reglna þessara.

###### 3. gr.

Sjávarútvegsráðherra tilnefdir þrjú menn í stjórn almennu deildarinnar og er hlutverk stjórnar að gera tillögur til ráðherra um úthlutun úr sjóðnum af því fé sem í hann rennur sbr. 2. gr. Stjórnin skal halda fundi a.m.k. einu sinni í mánuði eða eftir því sem tilefni gefst.

###### 4. gr.

Fé úr almennri deild Verkefnasjóðs sjávarútvegsins skal einungis úthluta til verkefna sem falla undir verkefnasvið Hafrannsóknastofnunarinnar, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, fiskveiðieftirlits Fiskistofu og Rannsóknasjóðs um aukið verðmæti sjávarfangs (AVS-rannsóknasjóðs).

Í tillögum sínum til ráðherra um úthlutun úr sjóðnum skal stjórnin líta til þess hvort rannsóknaverkefni falli að langtímaáætlun Hafrannsóknastofnunarinnar eða Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins eða þeim sérstöku verkefnum sem Fiskistofu eru falin vegna eftirlits með fiskveiðum. Leggi stjórn Verkefnasjóðs sjávarútvegsins til að fé verði veitt til Rannsóknasjóðs til að auka verðmæti sjávarfangs skal því varið til rannsóknaverkefna einstaklinga, rannsóknahópa, háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja samkvæmt áherslum AVS-rannsóknasjóðs á grundvelli faglegs mats stjórnar þess sjóðs á gæðum rannsóknaverkefna, færni þeirra einstaklinga sem stunda rannsóknirnar og aðstöðu þeirra til að sinna verkefninu.

Stjórn almennrar deildar Verkefnasjóðs tekur ákvarðanir um tillögur til ráðherra um úthlutun úr sjóðnum á grundvelli rökstuddra umsókna sem sjóðnum berast. Stjórnin leitar ráðgjafar umfram þann rökstuðning sem fylgir umsóknum ef þurfa þykir, að mati stjórnarinnar.

## III. KAFLI

**Verkefnasjóður sjávarútvegsins,  
deild um sjávarransóknir á samkeppnisviði.**

## 5. gr.

Í deild Verkefnasjóðs sjávarútvegsins um sjávarransóknir á samkeppnisviði skulu árlega í þrjú ár renna 25 m.kr. eða samtals 75 m.kr. af fé í eigu Verkefnasjóðsins samkvæmt 2. gr. Á árinu 2006 skal veita styrki samtals að fjárhæð 25 m.kr. til 3-5 verkefna að hámarki 3-5 m.kr. hver og til 10 minni verkefna hver að fjárhæð 0,5 til 1,0 m.kr. Styrkur skal að hámarki nema 50% af áætluðum heildarkostnaði verkefnisins. Sömu viðmið og upphæðir styrkja skulu höfð á árinu 2007 og 2008. Auglýst skal eftir umsóknum um styrki til verkefna í fjölmiðlum og geta allir sótt um styrki sem eru ætlaðir einstaklingum, fyrirtækjum, rannsóknar-, þróunar- og háskólastofnunum. Styrkur er veittur til eins árs í senn. Heimilt er að veita framhaldsstyrki á grundvelli nýrrar umsóknar enda standist verkefnið kröfur um framvindu og gæði.

## 6. gr.

Sjávarútvegsráðherra tilnefnið þrjú menn í stjórn deildar um sjávarransóknir á samkeppnisviði og er hlutverk stjórnar að gera tillögur til ráðherra um úthlutun úr sjóðnum af því fé sem sjóðurinn hefur árlega til ráðstöfunar sbr. 5. gr. Stjórnin skal halda fundi eftir því sem tilefni er til.

## 7. gr.

Styrkjum úr samkeppnisdeild sjávarransókna Verkefnasjóðs sjávarútvegsins skal einungis úthlutað til verkefna sem sótt er um á grundvelli auglýsingar sjóðsins í fjölmiðlum um styrki til verkefna sem efla rannsóknar- og þróunarverkefni á lífríki sjávar umhverfis Ísland og efla til lengri tíma lítið sjálfbæra nýtingu auðlinda hafsins og samkeppnishæfni sjávarútvegs.

Áhersla skal lögð á verkefni sem tengjast nýtingu á lífverum sjávar. Meginviðfangsefni þeirra verkefna sem sjóðurinn mun styrkja skulu vera lífverur sem nú eru nytjaðar eða sem hugsanlega væri mögulegt að nytja. Sjóðurinn veitir ekki styrki til rannsókna á fuglum, ferskvatnsfiskum eða fiskeldi. Við mat á umsóknum skal leggja mikla áherslu á nýnæmi verkefnisins með tilliti til nýrrar þekkingar og/eða nýtingarmöguleika á lífríki sjávar og með hvaða hætti afrakstur verkefnisins getur aukið þar við. Einnig skal leggja áherslu á hæfni umsækjenda til að leysa verkefnið, þekkingu, reynslu, aðstöðu og raunhæfni áætlana (verk-, kostnaðar- og fjármögnunaráætlun). Í stærri verkefnum er sérstaklega hvatt til samstarfs mismunandi aðila með þátttöku vísindamanna víða af landinu.

Öll verkefni, sem sjóðurinn styrkir skulu standast vísindalegar og/eða faglegar kröfur um gæði og uppfylla formkröfur um framsetningu og frágang. Möguleiki á eftirfylgni verður að vera skýr, þ.e.a.s. umsækjendur verða að skila framvindu- og/eða lokaskýrslu um verkefnið og gera grein fyrir niðurstöðum.

Í tillögum sínum til ráðherra um úthlutun styrkja úr sjóðnum skal stjórnin líta til þess hvort verkefnið falli að framangreindum markmiðum. Stjórnin tekur ákvarðanir um tillögur til ráðherra um úthlutun úr sjóðnum á grundvelli faglegs mats stjórnar á rökstuddum umsóknum sem sjóðnum berast. Stjórnin leitar ráðgjafar umfram þann rökstuðning sem fylgir umsóknum ef þurfa þykir að mati stjórnarinnar.

Sjávarútvegsráðuneytið gerir samninga við styrkþega um útborgun á styrkjum og gagnkvæmar skuldbindingar sjóðsins og styrkþega, t.d. varðandi framvindu-, áfanga- og loka-skýrslur sem og vegna mótframlags styrkþega eða annarra vegna verkefnisins. Styrkþegi þarf að sýna fram á að fjármögnun verkefnisins sé í samræmi við umsókn áður en til greiðslu

styrks kemur. Styrkhafar þurfa að skila til stjórnar skýrslu um framvindu verkefnis eftir því sem kveðið er á um í samningi.

IV. KAFLI  
**Ýmis ákvæði.**

8. gr.

Skipulagsskrá Verkefnasjóðs sjávarútvegsins skal endurskoðuð fyrir árslok 2008.

9. gr.

Reglur þessar eru settar skv. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 37 27. maí 1992, um sérstakt gjald vegna ólögmeats sjávarafla, með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 25. september 2006.*

**Einar K. Guðfinnsson.**

\_\_\_\_\_  
*Jón B. Jónasson.*